

Samantekt Rósa Guðrún Eggertsdóttir: Vefsíða hennar er <http://notendur.unak.is/not/rosa/>

Leshömlun og málanám

Inngangur

Um 5% nemenda geta átt við leshömlun að etja. Löngum hefur verið talið að erfiðleikar sem þessir nemendur finna gagnvart móðurmálinu endurspeglar á samsvarandi hátt í námi erlendra mála (1,2). Reyndar hafa Miller-Guron og Lundberg (2000) nýlega sagt frá rannsókn á 30 nemendum sem sýndi fram á að hluti þeirra áttu auðveldar með að læra ensku heldur en sænsku (lestrartækni prófun), sem þó var móðurmál þeirra (2,58). Þessi flötur er alveg nýr í rannsóknum á leshömlun og námi erlendra mála og verður honum því ekki gerð sérstaklega skil hér.

Þótt viðfangsefnið hér snúist um leshömlun þá verður að nokkru leitast við að hafa inni í myndinni nemendur sem hafa athyglisbrest. Þeir eru um 2% allra nemenda og á stundum hafa þeir sömu eða svipaðar þarfir og leshamlaðir nemendur. Nemendur með athyglisbrest eru auðtruflaðir og þeim hættir til að leggjast í dagdrauma. Meiri hlutinn eru karlmenn. Athyglisbrestinum getur fylgt ofvirkni. Á unglingsárum hefur dregið úr líkamlegri ofvirkni og kemur hún þá aðallega fram sem óróleiki og fitl. Á fullorðinsárum eru einkenni einbeitingar-skorts og athyglisbrests enn til staðar. Í námi og vinnu kemur í ljós að þeir eiga erfitt með að skipuleggja verkefni eða ljúka við vinnu sína. Þeir virðast ekki hlusta á eða fara eftir ábendingum. Vinna þeirra getur verið í óreiðu, litið illa út og virst gerð af óvandvirkni. (1,2).

Það er víða skjalfest (6:2) og ekki síst hjá Dinklage nokkrum að nemendur sem hafa staðið sig vel í námi í háskóla falla í tungumálum. Þegar að var gáð kom í ljós með suma þessara nemenda að þeir höfðu verið greindir áður fyrr með sértæka örðugleika en með góðri hjálp og mjög mikilli vinnu gátu þeir yfirstigið hindranir. Hins vegar komu þeir aftur upp á yfirborðið þegar þeir hófu nám í tungumálum. Aðrir sem féllu höfðu enga greiningu að baki en reyndust vera með sértæka námsörðuleika. Þriðji hópurinn var sá hópur sem Dinklage fannst vera með námsörðugleika án þess að hefðbundnar greiningar drægju slíkt fram. Það leyndi sér ekki að þeir áttu í verulegum erfiðleikum

með málanám þótt þeir stæðu sig vel í öðrum fögum. Dinklage gerði tilraun með að kenna þessum nemum spænsku eftir leiðum sem almennt eru taldar henta nemendum með sértæka örðugleika. Flestir þessara nema náðu prófi.

Einkenni og ástæður erfiðleika í málanámi

Sparks og Ganschow (5:2) telja að auk kvíða eigi leshamlaðir nemendur í erfiðleikum með að skilja og nota reglur sem tengjast tungumálum, eiga í miklum vanda með hljóðræna og orðheildarlega þætti tungumála og reyndar almennt skorti þróaða námsvitund sem myndi gera þeim kleift að hugsa um frammistöðu sína í málanámi og nota sjálf-leiðréttandi aðferðir. (5)

I.

Almennir erfiðleikar sem eiga við um móðurmálið og sjást gjarnan í erlendum málum einnig eru (1,2-3):

Lestur:

- Geta haft slaka lestrarfærni eða slakan lesskilning
- Geta ruglað svipuðum stöfum og tölum, umsnúið þeim eða röð þeirra
- Geta átt erfitt með að lesa heimilisföng, smátt letur og/eða dálka

Ritun:

- Geta átt erfitt með að kalla fram form stafa (ekki kemur í hugann)
- Geta átt erfitt með að skrifa um hugmyndir og/eða skipuleggja hugsanir sínar á blaði.
- Geta snúið við eða sleppt stöfum, orðum eða orðasamböndum
- Geta átt erfitt með að byggja upp setningar, og skrifa skipulega
- Geta stafsett sama orðið í sama texta á mismunandi hátt.

Mál:

- Geta átt auðvelt með útskýra munnlega en ekki skriflega
- Geta misskilið eða hafa lítinn skilning á því sem sagt er

Heyrn:

- Geta átt erfitt með að bregðast við tilteknum hljóðum í töluðu máli eða geta stöðugt misskilið það sem sagt er

- Geta átt erfitt með að þola mismunandi tíðni hljóða (tónlist, ryksugan, hávaði) eða geta verið ofurnæmir fyrir hljóðum.

Vitsmunasviðið:

- Geta átt erfitt með að læra hratt nýja færni
- Geta átt erfitt með að fylgja leiðbeiningum, sérstaklega fjölþættum leiðbeiningum
- Geta lent í erfiðleikum með rýmis eða áttarskyn s.s. hægri og vinstri, upp og niður, undir og ofan á, fyrir aftan og á milli.

Minni:

- Geta verið færir um að læra þekkingu eftir einni leið en ekki annarri
- Geta átt erfitt með að leggja á minnið raðir t.d. símanúmer, vikudaga, mánuðina, ljóð, margföldunartöfluna, orðaforða

Skipulag:

- Geta átt erfitt með að fara eftir áætlun
- Geta átt erfitt með að skynja tíma t.d. að vera stundvísir

Athygli:

- Geta haft skammvinna einbeitingu eða verið fljóthuga
- Geta átt erfitt með að aðlaga sig "rútínuvinnu."

Fram til þessa tíma liggja fyrir margar rannsóknir á áhrifum námsörðugleika á tungumálanám. En það er lítið sem ekkert fyrir hend um HVERNIG þessir nemendur læra nýtt tungumál. Kennarar erlendra mála átta sig fljótt á því að sumir nemendur sýna veikleika í hljóðfræði, málfræði, uppbyggingu málsins og öðrum mállegum þáttum. (1,3).

II:

Reyndar eru fleiri hliðar á erfiðleikum varðandi tungumálanám (4). Alfred A. Tomatis var heyrnarsérfræðingur. Hann kom fram með kenningu um tengsl heyrnar og máls. Þótt hann væri ekki í upphafi að rannsaka tengsl heyrnar og málanáms þróaðist vinna hans í þá átt, þar sem hann áttaði sig á því að sumir áttu í erfiðleikum með að læra og tala erlend mál.

Kenning Tomatis snýst um það:

að það verður að þjálfra eyrað áður en tungumálanám hefst.

Fyrsta lögmál Tomastis:

Þú getur ekki endurtekið hljóð sem þú hefur ekki heyrt.

Tomatis segir að vegna þess að við getum ekki heyrt suma tíðni eða tóna í erlendum málum þá getum við ekki borið þá fram. Það sem verra er, við getum ekki á auðveldan hátt munað tónana heldur. Hann sýndi fram á og prófaði leið til að þjálfra eyrað svo það gæti heyrt tóna sem það hefði ekki heyrt áður.

Að þjálfra eyrað: Það eru tveir agnarlitlir vöðvar í miðeyranu. Annar er tengdur hamrinum og hinn er tengdur steðjanum. Þessir vöðvar eru ekki þjálfaðir eða undirbúnir til að bregðast við tónum sem þeir hafa ekki fengið þjálfun til að taka eftir.

Leiðin til þjálfunar er sú að viðkomandi er látinn hlusta á þessa ókunnu tóna í tvær stundir samfleytt í hvert sinn. Viðkomandi getur á meðan sofið, lesið, teflt, þrjónað, matbúið eða gert hvað sem er á meðan sem ekki krefst hlustunar. Áður en hann fær spóluna þá fer hann í próf til að unnt sé að fella tónana nákvæmlega að þörfum hans. Á spólunni er tónlist en í raun hefur verið þurrkað út allir tónar sem eyrað nam en viðkomandi á að "hlusta" á tónana sem hann heyrði ekki eða illa.

Atkvæði: Talhraði tungumála er misjafn. Framburður á atkvæðum innan rétttra tímamarka er annar mikilvægasti þátturinn við að tala vel erlent mál. Að meðaltali tekur um 75 millisekúndur að bera fram enskt atkvæði á móti 50 millisekúndur í frönsku. Þetta þýðir að frönskunemi þarf að læra að bera atkvæðin fram mun hraðar en sá sem lærir ensku. Séð í ljósi Tomatis, **þá þurfa eyrun að bregðast við mun hraðar en** áður. Það má endurþjálfra eyrun á þessu sviði einnig með því að láta þau takast á við atkvæðahlustun um leið og tíðni/tónahlustun.

Málleg endurfæðing: Í tungumálanámi þarf einnig að læra röð orð, hvaða orða á að leggja áherslu á, hve hratt á að tala o.s.frv. Þetta er kallað uppbygging máls. Tomatis hefur einnig ráð við þessu. Hann segir frá hvernig fóstur fer að heyra daufa hljóma á síðustu fimm mánuðum meðgöngu. Þar sem rödd móður þarf að fara í gegnum vökva og fl. þá berast fóstrinu einungis tónar sem eru yfir 8.000 Hertz. Stöðug sending þessara tóna leggja grunninn að *móðurmálinu*.

Tomatis lét fólk hlusta á talað mál á erlenda tungumálinu og "sigtaði" hann í gegnum filter þannig að 8000 Herz komu í gegn.

Smátt og smátt eru fleiri tónar sendir í gegnum eyrað. Eftir nokkurn tíma hefur átt sér stað "endurfæðing" og viðkomandi getur farið að tala málið. Það hefst með því að þú endurtekur orð sem þú heyrir. Seinna endurtekurðu heilar setningar og lærir að stjórna framburði og tónum.

Ráðandi eyra: Við vitum öll að sumir hafa hægri hönd ríkjandi og aðrir vinstri hönd. Sama gildir um eyrað. Í vinstra heilahveli eru allar þær stöðvar sem þú þarft til að læra erlent mál. Ef það hægra er ríkjandi þá fara skilaboðin yfir í vinstra heilahvelið. Það er mun styttri leið heldur en hjá þeim sem hafa ríkjandi vinstra eyra. Það eyra sendir skilboð til hægra heilhvels sem sendir boðin áfram til vinstra heilahvels. Tomatis segir að hljóðin daprist örlítið á þessari löngu leið, sérstaklega hátónar. Tomatis gefur leið til að þjálfast upp hægra eyrað. Programmið sem lýst hefur verið hér að framan heldur áfram en nú er farið að senda fleiri skilaboð til hægra eyrans en þess vinstra. Eftir því sem þú gerir fleiri raddæfingar, þá er röddin látin fara meira í hægra eyra en það vinstra. Smátt og smátt þjálfast upp eyrað og verður ráðandi.

Þessi kenning Tomatis var prófuð í skóla í Belgíu árið 1976. 30 framhaldsskóla-nemendum var skipt í tvo hópa, og færni þeirra var svipuð, reiknuð út frá heyrnarmælingu. Enginn þessara nemenda hafði áður lært ensku. Öðrum hópnum var kennd enska á hefðbundinn hátt allan veturinn en hinn hópurinn fékk þriggja mánaða þjálfun út frá kenningum Tomatis og eftir það fékk hann hefðbundna kennslu í sex mánuði. Við skólalok að vori voru allir nemendurnir prófaðir af aðila utan skólans, bæði lesskilningi og framburði. Tomatis hópurinn stóð sig mun betur en samanburðarhópurinn. Eftir sumarfríið kom í ljós að Tomatis hópurinn hafði engu gleymt en hinn hópurinn hafði tapað niður miklu.

Eurocopter:

Þyrluflugmenn Eurocopter þurfa að kunna erlend mál. Samkvæmt áætlun Evrópuráðsins þá er áætlað að það taki 700 klst að verða vel fær í erlendu máli. Eurocopter setti viðmið fyrir tungumálanámi niður í 620 klst. fyrir sína starfsmenn. Fyrirtækið tók upp kennsluáðferð Tomatis og þá kom í ljós að flugmennirnir þurftu einungis 520 klst. til að ná árangri. (4)

Þegar höfð er í huga kenning Tomatis (4) um takmarkaða möguleika til að heyra tiltekin hljóð, er athyglisvert að sjá að Hodges (1998:6) minnst á svipaða þætti. Hún hefur tekið eftir því að nemendur með leshömlun eiga erfitt með að aðgreina E og I í spænsku. Þeir heyra heldur ekki sérhljóða, tvíhljóða eða stafi í orðum fyrr en hljóðin og stafirnir eru kenndir sérstaklega (overtly taught) og vel. Nemendur segja að þegar þeir hafa fengið þjálfun í að þekkja tengsl á milli hljóðs og stafs, getið þeir séð fyrir sér samhljóðana og sérhljóðana eftir að hafa heyrt þá. Þeir læra einnig að hljóða orð til að geta stafsett þau rétt.

Schwartz kemur inn á sama hlut þegar hann segir að leshamlaðir nemendur eigi í erfiðleikum með að greina / heyra nægilega vel sum hljóð í hinu nýja tungumáli. (6:2)

? Hvaða geta tungumálakennarar gert út frá þessum hugmyndum?

Hvernig eru nemendur fundnir:

Hodges (1998) segist hafa búið til könnun á námsháttum nemenda. Sú könnun hefur reynst öflugt tæki til að komast að því hvaða nemendur eiga eða geta átt í erfiðleikum með tungumálanám og einnig hvernig þeim hentar best að læra (1,4,6). Þegar fram í sækir hafa nemendur sjálfir smátt og smátt afnumið "hjálparleysi" sem lærðist á fyrri stigum í námi í gegnum endalausar tilraunir til náms án mikils árangurs. Þessa í stað hafa þeir þróað með sér námsvitund og tileinkað sér námstækni sem gerir þá sjálfstæða og sterkari námsmenn. Því fylgir að þeir geta látið vita hvað þeir vilja og þurfa í formi aðstoðar í námi.

Kennslufræði tungumála

Opinberar viðmiðanir fyrir að læra og ná færni í nýju tungumáli reikna með um 700 (4:4) – 720 (3:1) kennslustundum. Fjórar kennslustundir á viku í eitt ár gefa um 90 stundir. Jones (3:1) segir að 20 mínútur í markvissri einstaklingskennslu jafnist á við nokkrar kennslustundir í bekkjarkennslu. Rannsóknir á málanámi gefa skýrt til kynna að áhugasamir nemendur tileinki sér mál fyrst og fremst í gegnum a) viðfangsefni sem hafa einhverja merkingu (comprehensive input) og b) tækifæri til að

ræða á málinu sjálfu. Þessar rannsóknir sýna einnig að leiðrétting á mistökum hafi lítil áhrif á framfarir nemenda. (3:1).

Þegar nemendur læra nýtt tungumál þurfa þeir að fá tilsögn í þeim aðferðum sem taldar eru henta þeim. Hodge (1998) segir frá eftirfarandi aðferðum sem hún notar í kennslustundum en þó aðallega á sérstökum námskeiðum:

- Til að muna orðaforða eru notuð minnisþjálfunarspjöld (3x5) með myndum eða öðru sem gefur vísbendingar. Samvinnuspjöld eru þessarar gerðar.
- Unnið með orðaspjöld af sömu stærð notuð til að byggja upp setningar og tengja mál við málfræðina.
- Lituð spjöld eru notuð til að tengja framburð á nafnorð við viðeigandi sagnorðaendingu.
- Hlustun á hljóðbönd: drillæfingar með sögnum. Ætluð fyrir fjölskynjun, þ.e. hlustun, endurtekning, lestur, ritun og horft á sagnir. (heyra-segja-sjá-skrifa-sjá).
- Upptaka á band til að leggja áherslu á framburð, stöfun og atkvæðaskiptingu.
- Útbúa hugtakakort út frá hugflæði og skipuleggja hugmyndirnar nánar í ritunarferli.
- Tölvuvinna sem leggur áherslu á skilning, orðaforða og málfræðihugtök.

Dæmi sem gefið er um hljóðkerfisþjálfun í spænskukennslu um er eftirfarandi:

- læra spænska stafrófið
- þroska hljóðrænt næmi fyrir sérhverju hljóði, hljóðtengingum, sérhljóðum og tvíhljóðum
- læra reglur í stafsetningu t.d. ca-co-cu-que-qui
- læra að hljóða orð
- læra tengsl hljóða og stafa
- læra reglur um atkvæðaskiptingu

Þegar lært er að stafsetja, skrifa nemendur alla sérhljóða rauða og alla samhljóða svarta.

Leiðir í kennslu

I.

Hodge (1998:4) segir frá reynslu sinni með enskumælandi nemendum í spænskunámi.

Hún telur að það þurfi að hafa þrennt í huga þegar skipulagt er nám fyrir leshamlaða nemendum:

- 1) hagræðing í kennslu- og námsumhverfi
- 2) leggja áherslu á námstækni
- 3) veita beina stuðningskennslu sem tengist málinu sjálfu sérstaklega (4).

Hagræðing í kennslu:

Hagræðing felst í því að breyta skilyrðum í námsumhverfinu svo það megi styrkja og auka námið. Í þessu felst notkun á hljóðbandi, val á borði í kennslustofunni, prófa töku í rólegu umhverfi. Ef ritun er mjög slæm geta nemendur fengið að taka munnleg próf eða svara krossaprófum. Ekki er einkunn lækkuð vegna villna í stafsetningu. Sumir nemendur fá að heyra prófið munnlega auk þess að svara því munnlega. Nemendur með athyglisbrest sem hafa slaka hlustunarfærni fá að hljóðband. Þeir fá einnig að gera hlé á próftöku. (1:4)

Námstækni:

Hodge (1998) segir eftirfarandi um námstækni. **Allir nemendur í áhættuhópum þurfa á að halda þjálfun í almennri námstækni og námstækni tungumálanáms.**

Hodge vísar í Sedita 1997 sem tók eftir því að hjá flestum háskólanemum var í lagi sú færni sem felst í því að grípa til nauðsynlegrar skipulagningar og námstækni til að ná árangri í námi. Hér er um að ræða færni til að:

- skipuleggja sig
- vinna úr og skilja hvað er heyrt og lesið
- áætla heimavinnu og langtíma verkefni
- læra fyrir próf
- gera upp við sig hvaða aðferðir henta best við prófatöku

Nemendur í áhættuhópum tileinka sér hins vegar ekki sjálfkrafa þessar aðferðir og færni meðan þeir læra á móðurmálinu nema þeir fái sérstaka þjálfun. Því síður liggur þessi færni þeim á lausu þegar þeir læra nýtt tungumál.

Til að tryggja árangur í tungumálanámi VERÐA nemendur að læra námstækni – aðferðir við að læra. Oft á tíðum reyna tungumálakennarar að "troða inn í" kennsluna einhverri þjálfun í námstækni og tækni sem lýtur að því að læra erlend tungumál. Tími þeirra er á hinn bóginn lítill. Nemendur í áhættuhópum **þurfa að læra hvernig á að læra**. Það er eðlilegast að það gerist á þeirra eigin móðurmáli.

Nemendur þyrftu að fá námskeið – eða þess vegna námsáfanga sem fjallaði um námstækni almennt. Þar mætti fjalla um:

- námsaðferðir – námstækni
- skipulagningu náms og tíma
- áætlunargerð
- prófaundirbúning og próftöku
- glósutækni
- bættan lestur (1:4-5)

Auk þessa er lögð sérstök áhersla á hve nauðsynlegt er að þjálfar nemendur í námstækni sjálfs tungumálsins sem verið er að læra.

Stuðningskennsla:

Auk hagræðingar á námsumgjörð og þjálfun í námstækni er ekki síður nauðsynlegt að veita nemendum sérstakan persónubundinn stuðning. Hann getur verið erfitt að veita hins vegar þar sem hann krefst mikillar mönnunar af hálfu skóla. Í slíkri kennslu er tekið á tungumálinu sjálfu og þjálfaðar eindir og einingar sem erfiðara er að þjálfar í almennri kennslu.

II.

Að mati Ganschow og Sparks bendir núverandi þekking á leiðum í málanámi til eftirfarandi vinnubragða:

- að ítarleg kennsla verði um leiðir fyrir nem. til að greina sjálfir villur - sjálfs-leiðrétting
- að ítarleg kennsla verði um málið sjálft og reglur þess s.s.
 - hljóðfræði og réttitun
 - málfræði og setningarfræði
 - orðaforða og orðmyndunarfræði (5:2)

Ganschow og Sparks (6) hafa unnið að mótun kennsluáferða í tungumálum fyrir þennan hóp nemenda. Þar sem þeir vissu að leshamlaðir nemendur eiga í erfiðleikum með hljóðfræðilega þætti í móðurmálinu töldu þeir að mikilvægt væri að kenna ítarlega hljóðfræði í erlenda málinu. Til að prófa kenningu sína fengu þeir til samstarfs við sig Karen Miller spænskukennara í framhaldsskóla. Hún þekkti til Ortin-Gillingham aðferðar sem er tekur til fjölskynjunarleidda. Það kom í ljós að aukin þjálfun á hljóðgreiningu og hljóðtengingu í erlenda málinu styrkti hljóðfærni í móðurmálinu. Þessi niðurstaða hefur orðið til þess að farið er að vinna ítarlega með hljóðkerfið á móðurmálinu áður en nám í erlendum málum hefst. Það felur í sér að nemendum er kennt að þekkja hljóð, sundurgreina og samtengja hljóð og yfirfæra þekkinguna í ritmálið. Beiting þessarar færni í nýja málinu er næsta þrepíð. (6)

III.

Elke Schneider (8) telur að tungumálakennslan þurfi að uppfylla nokkur grundvallar skilyrði.

- kennslan þarf að gefa kost á fjölskynjunarleiddum
- þróa þarf með nemendum námsvitund
- þróa þarf með nemendum vitund um reglur og einkenni tungumálsins þannig að þeir skilji hvernig það er uppbyggt.

Schneider hefur kynnt mjög athyglisvert kennslulíkan sem felur í sér einkenni þeirra kenninga sem eru uppi um kennslu í tungumálum fyrir leshamlaða nemendur. Þetta líkan gengur út frá þýskukennslu. Líkanið er kallað MSML training program – Multisensory Structured Metacognitive Language Instruction.

MSML kennsla (8) tekur til fjölskynjunar og námsvitundar, er markvisst og auðskilið, byggir mikið á endurtekningum, hljóðfræði, stafrófi og greinandi og samtengjandi vinnu. Í hverri 45 – 60 mínútna kennslustund er í brennidepli ein af þremur þáttum málkerfisins:

- a. hljóðfræði og réttitun
- b. málfræði og setningafræði
- c. orðaforð og orðmyndunarfræði

A. Þjálfun í hljóðfræði og réttritun:

Við þessa þjálfun eru notuð spjöld fyrir raðæfingar (drill) t.d. einn stafur eða stafasambönd sem standa fyrir eitt hljóð eða hljóðasamstæðu. Spjöldin eru notuð í vinnu sem skiptist í sex þrep:

- 1) *Sjónrænar æfingar.* Nemendur sjá spjald og segja öll hljóðin sem stafurinn /stafirnir standa fyrir
- 2) *Heyrnænar æfingar.* Nemandinn heyrir hljóð eða hljóðasamstæður og skrifar niður stafinn eða stafina
- 3) *Samtengjandi æfingar.* Nemendur lesa eitt atkvæði (bull eða orð), þeir hljóða hvert og eitt hljóð og lesa svo hljóðin saman svo úr verði orð – eða hljóðakeðja.
- 4) *Stöfunaræfing.* Nemendur æfa nýlærð hljóð/stafir í stuttum bull og alvöru orðum, orðasamböndum og setningum.
- 5) *Lestraræfing.* Nemendur lesa stutt orð, orðasambönd og setningar sem hafa háa tíðni þeirra hljóða og tákna sem er verið að þjálf.
- 6) *Samtekt á reglu.* Nemendur orða regluna sem gildir um framburð og ritun til að festa betur og skýrar námið.

Mynd 1: æfingaspjald um hljóðgreiningu:

framhlið á spjaldi	bakhlið á spjaldi
ä	<p>The umlauted vowel is long (like A in BAD) when followed by no more than one consonant. The umlauted vowel is short (like A in AT) when followed by more than one consonant.</p> <p>Position:</p> <p>Initial: der Äther (either)</p> <p>Middle: die Gäste (guests)</p> <p>Final: not applicable unless followed by silent –h: Mäh! (mow!)</p>

B. Þjálfun í málfræði og setningafræði

Eftir að hafa öðlast grunnþekkingu á hljóðum og táknum í þýsku, læra nemendur reglur um beygingar, hvernig setningar eru byggðar upp og um tíðir. Hér fara nemendur í gegnum fimm stig:


- 1) *Kynning á reglu – uppgötvunarstigið.* Kennari kynnir fyrir nemendum nýtt efni. Hann gerir það á þrep fyrir þrep á þann hátt að um uppgötvun verður að ræða fyrir nemandann. Veggspjald fyrir reglur er útbúið. Nemendur færa til á borðinu spjöld sem eru misjöfn að lit og lögun. Hver litur og lögun stendur fyrir tiltekið svið í málfræði eða setningafræði.
- 2) *Þáttur litaspjalda.* Nemendur endurtaka vinnu frá stigi 1. Þeir færa til lituðu spjöldin og mynda þannig setningar og orðasambönd og hætta ekki fyrr en þeir hafa lagt öll orðin á minnið. Til þess að efla námsvitund nemenda eru þeir stöðugt hvattir til að færa rök fyrir hverri lausn sem þeir velja. Það gera þeir með því að vísa til reglna sem kynntar voru á 1. þrepi.
- 3) *Þáttur hvítu spjaldanna.* Nú fá nemendur sömu orðin en þau eru á hvítum spjöldum. Þar af leiðandi geta þeir ekki nýtt sér þau skilaboð sem fólust í litum og mismunandi lögun lituðu spjaldanna. Hér er haldið áfram að vinna með fjölskynjun og námsvitund. Mynd 2 sýnir dæmi um þessi spjöld.

Mynd 2: Litað eða hvítt spjald.

Leiðbeiningar: Búðu til réttar setningar í þátíð og PRESENT PERFECT og útskýrðu hvers vegna þú valdir tiltekna leiðir.

Frumlag (Subject)
Andlag?

Sagnir



ANSWER KEY:

SUBJECT

VERB

OBJECT

VERB

1) Die Gäste

spielten

Tennis.

2) Peter

hat

drei Hunde

gefüttert.

4) *Vinnublað*. Á vinnublaðinu (sjá mynd 3) eiga nemendur að nota þekkingu sína án þess að geta stuðst við liti eða "hreyfanleg" orð. Þeir eiga áfram að æfa námsvitund sína og vinnufærni með því að fylla í eyðurnar.

Mynd 3: Dæmi um vinnublað

Nafn: _____

Dags.: _____

Vinnublað: Setja sagnir í nútíð.

Fylltu í eyðurnar með viðeigandi endingu. Füge die passende Verbendung ein.

1. Silvia tanz___ gerne.
2. Sie trink___ gerna Kaffee.
3. Fred und Maria trink___ auch gerne Kaffee.
4. Sie geh___ oft ins Café "Wien".
5. "Komm___ du mit ins, Franz?", frag___ Silvia.
6. Nein, ich fahr___ heute nach Hause.
7. Franz frag___: "Geh___ ihr am Sonntag ins Café?"
8. Silvia antwort___: "Nein, leider nicht. Wir hab___ am Montag eine Englischprüfung."
9. Franz sag___: "Na dann, viel Spaß heute!"

4) *Samtekt á reglu*. Nemendur skrifa og útskýra með eigin orðum regluna sem þeir voru að vinna með í verkefninu og gera einnig grein fyrir minnisatriðum og aðferðum sem þeir notuðu við að muna. Þannig þróa þeir áfram námsvitundina. Mynd 4 sýnir hvernig blað fyrir samantekt á reglu getur litið út:

Mynd 4: Samantekt á reglu - eyðublað.

Nafn: _____
Dags.: _____
Málfræðiregla _____
Viðfangsefni: _____
Almenn regla: _____ _____
Nánari skýringar / dæmi: _____
Lykilorð /annað sem þarf að muna: _____

C) Þjálfun í orðaforða og orðmyndunarfræði

Þessi þjálfun beinist að því að efla næmi nemenda fyrir einingum í orðum, reglur um endingar tengdar kynjum orða (t.d. –heit eða –keit taka alltaf með sér die).

1. Það er byrjað með að styðja við myndun orðaforða og útbúa nemendur sjálfir sín eigin orðaspjöld með myndum og litamerkingum sem vísa til kyns orða. Eftir að nemendur hafa u.þ.b. 100 orð á valdi sínu hefst næsta skref.
2. Á þessu stigi er unnið með flóknari atriði. Lögð áhersla á endurþekkingu og minnisgeymd einstakra orðhluta og orða og unnið með samsett orð (t.d. nafnorð + nafnorð). Þetta er unnið á sama hátt og í fimm þrepa vinnunni með málfræðina og setningafræðina. Öll stigin eru eins notuð nema nú er áherslan á minnisgeymd og endurþekkingu. Í því skyni að tileinka sér góða færni í hljóðgreiningu og hljóðtengingu búa nemendur til eyðublað svo þeir geti flokkað orðhluta í rétta flokka eða orðafjölskyldur. Mynd 5 sýnir dæmi um slíkt eyðublað. Nemendur nota einnig þessa orðhluta í stuttar setningar og orðasambönd sem þeir búa til í litlum ritunarverkefnum.

Mynd 5: Dæmi um skipurit fyrir flokkun orða eftir orðmyndunarfræði.

Forskeyti	Rótt	Ending	Orð	Þýðing
AUS	B I L D	E N	ausbilden (sagnorð)	mennta
AUS	B I L D	U N G	Ausbildung (nafnorð)	menntun
EIN	B I L D	U N G	Einbildung (nafnorð)	ímyndun

Þessi æfing gerir nemendum færnt að flokka orð kerfisbundið og auka þar með lesfærni, ritun, stafsetningu, tal og hlustunarskilning.

Heimildir

- 1) Hodge, Margarita E. Teaching Foreign Language to At-Risk Learners: A Challenge for the New Millennium. Inquiry: Vol.2, No. 1, Spring 1998, 68-78.
© 1998 Virginia Community College System.
<http://www.br.cc.va.us/vcca/i21hodge.html>
- 2) Miller-Guron, Louise og Ingvar Lundberg. 2000. Dyslexia and second language reading: A second bite at the apple?. Reading and Writing: An Inderdisciplinary Journal 12:41-61. @2000 Kluwer Academic Publishers. Printed in Netherlands.
- 3) Jones, Christopher. 1990. Foreign Language Peer Tutors. ADFL Bulletin Vol.21, No.3. Spring 1990: 44-48).
<http://www.ade.org/adfl/bulletin/V21N3/213044.htm>
- 4) Gerritsen, Jan. 1996. How Tomatis Method Accelerates Learning Foreign languages. ©The Tomatis Listening and Learning Center. <http://www.tomatis.com/language.html>
- 5) The First International Multilingualism and Dyslexia Conference. Manchester, England June 17-19, 1999. Reported by Robin L. Schwarz. American University, Washington, DC. Tilvísun í Sparks og Ganschow.
http://www.ldonline.org/whats_new/multilingualims_conf699.html
- 6) Schwartz, Robin L. 1997. Learning Disabilities and Foreign Language Learning: A Painful Collision.
http://www.ldonline.org/ld_indepth/foreign_lang/painful_collision.html
- 7) Schneider, Elke. 1996 Desember. Teaching Foreign Languages to At-Risk Learners. Miami University of Ohio.
<http://www.cal.org/ericcll/digest/schnei01.html>